

Öflun upplýsinga úr sakaskrá, leiðbeiningar.

Hvers vegna þarf að skila inn sakavottorðsheimild?

Í íþróttalögum og æskulýðslögum kemur fram að það er óheimilt að ráða til starfa aðila sem hafa hlotið dóm gegn ávana- og fíkniefnalögum (nr.65/1974) síðastliðin fimm ár eða dóm gegn kynferðisbrotakafli almennra hegningarlaga (XXII. kafla laga nr.19/1940). Í sömu lögum er þessum félögum veitt heimild til þess að leita upplýsinga í sakaskrá þeirra sem félögin mynda ráðningarsamband við, sem og sjálfboðaliða sem sinna börnum og ungmennum.

Einnig mega íþróttar- og æskulýðsfélög óska eftir frekari upplýsingum úr sakaskrá þessara aðila með þeirra leyfi. Það er, hvort þau hafi hlotið dóm fyrir brot gegn XXIII. og XXIV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 (manndráp og líkamsmeiðingar og brot gegn frjálsræði manna) og barnaverndarlögum nr. 80/2002, á síðastliðnum fimm árum.

Hver eiga að skila þessu inn?

Allt starfsfólk sem félagið er með ráðningarsamband við og koma á einhvern hátt nálægt börnum og ungmennum í starfi félagsins. Það sama gildir um sjálfboðaliða sem vinna með börnum og ungmennum.

Hvernig á að gera þetta?

ATH! Hvert félag getur sent þetta inn fyrir sig eða leitað aðstoðar hjá sínum regnhlífasamtökum. Notið annað hvort eyðublaðið; **Eyðublað. Aukin heimild. Sakaskrárheimild íþróttafélag**, eða **Eyðublað. Aukin heimild Sakaskrárheimild æskulýðsfélag**, eftir því sem við á.

1) Gerið skjalið að ykkar eigin með því að **setja merki félags og upplýsingar þess** á þar til gerða staði (Öllu skáletruðu þarf að breyta í merki og upplýsingar félags).

2) Fáid viðkomandi starfsmann eða sjálfboðaliða til að **skrifa undir** eyðublaðið.

Eyðublaðið er fjölnota. Á meðan samfelldt ráðningarsamband er við aðilann má sækjast eftir þessum upplýsingum reglulega. Nauðsynlegt er að fletta aðilum upp við nýráðningu (áður en viðkomandi tekur til starfa) og góð vinnuregla er að endurtaka það síðan á 1-2 ára fresti. Mælt er með því að geyma undirrituðu eyðublaðin á traustum stað þar sem umsjónaraðili verksins hefur aðgang að.

3) Umsjónaraðili verksins þarf að fylla út skjalið **Undirskrift ábyrgðaraðila félags og listi**.

Umsjónaraðili þarf að gera það skjal að sínu með því að setja merki félags og upplýsingar þess á þar til gerða staði (Öllu skáletruðu þarf að breyta í merki og upplýsingar félags). Umsjónaraðili kvittar síðan undir það skjal með nafni sínu og kennitölu sem staðfestingu fyrir hönd félagsins.

4) Útbúa þarf síðan **lista með nöfnum og kennitölum** (það er sama skjal og í lið 3) þeirra sem verið er að afla upplýsinga um og **sambliða listanum þarf að senda inn afrit af öllum eyðublaðunum** sem starfsfólk og sjálfboðaliðar hafa skrifað undir.

5) **Senda þarf þessi skjöl rafrænt** á: sigrídur.laxness@saksoknari.is Svar mun berast aftur tilbaka frá ríkissaksóknara.

6) Ef svar berst um að starfsmaður eða sjálfboðaliði hafi fengið dóm vegna ofangreindra laga er félaginu óheimilt að hafa þann aðila í starfi eða sem sjálfboðaliða með börnum. Vinsamlegast leitið til samskiptaráðgjafa íþróttar- og æskulýðsstarfs með málið í þeim tilfellum.